

**Nd.**

**535. Frnmvarp**

til laga um sölu á prestsmötu.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Heimilt skal þeim, er prestsmötu eiga að greiða, að fá þær keyptar af sjer, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

Sá, er kaups beiðist á prestsmötu, sendir beiðni um það til landsstjórnarinnar.

Verð prestsmötu ákveður svo landsstjórnin þannig, að 5% af verðhæðinni veiti sömu vaxtaupphæð, sem hið árlega prestsmötugjald hefir numið að meðaltali eftir verðlagsskrárverði á smjöri síðastliðin 12 ár í sýslu þeirri, er kaupbeiðandi á heima í.

Kaup skulu svo gerð áður ár sje liðið frá því að kaupbeiðnin kom til landsstjórnarinnar.

3. gr.

Kaupandi greiðir að minsta kosti  $\frac{1}{10}$  hluta kaupverðsins um leið og kaup eru gerð.

Fyrir eftirstöðvum kaupverðsins skal gera skuldabréf, með veði í fasteign, eða annari tryggingu, er landsstjórnin tekur gilda, og greiðast þær síðan á 10 árum með jöfnum afborgunum ásamt 5% vöxtum. Greiða má kaupverðið í einu lagi.

4. gr.

Andvirði prestsmötu renni í prestlaunasjóð, er greiðir síðan viðkomandi presti vexti þá, er fást af andvirði prestsmötu.

5. gr.

Nú sannar eigandi prestsmötujarðar, að hún hafi spilst verulega og til langframa af náttúrunnar völdum, eða kúgildi, sem prestsmata er goldin af, sjeu fyrir löngu fallin, án þess að eiganda sje um að kenna, og er þá ráðherra heimilt að veita ívilnun, er svari til verðrýrnunar jarðarinnar, eða á prestsmötunni, sem svarar til kúgildafallsins; en bæta skal hlutaðeigandi presti upp þann tekjumissi, er af þessu leiðir.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1920.